

Nd.

119. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Flm.: Pétur Ottesen, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenskum höfnum á landi eða í landhelgi varða sektum, 10 þús. til 20 þús. krónum.

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslensku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 500—5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 500—2500 krónum.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 1000 til 10000 krónum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar, 10 þús. til 20 þús. króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og afli, sem í skipinu er, svo og umbúðir, ef um sild er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Sama gildir um verkaðan og óverkaðan afla í skipum, sem hafa aflavinnslu um borð, hvort sem um er að ræða eigin veiði eða veiði annarra skipa. Skal andvirðið renna í ríkissjóð.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Mál eftir lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni hefur verið flutt á tveim síðustu þingum, en ekki hlotið afgreiðslu. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Eins og frv. þetta ber með sér, er þar lagt til, að sektarákvæði laganna verði hækkuð allverulega frá því, sem nú er. Er hér svo stillt til, að hæstu sektir verði jafnháar og ákveðið er í lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Má eigi skemmra ganga um sektarákvæðin, eins og nú er komið, en gert er í þessu frv. Væri án efa einnig ástæða til að breyta nú nokkuð sektarákvæðunum í lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og er það einnig til athugunar.

Gera má ráð fyrir, að mikill grúi erlendra veiðiskipa verði á fiskimiðunum hér við land á næstu árum, bæði við þorskveiðar og sildveiðar. Eigi þarf heldur að efa, að margir hinna erlendu fiskimanna muni hafa í frammi ágengni um veiðar í landhelgi. Höfum við í því efni dæmin fyrir okkur. Veitir okkur í þeirri viðureign ekki af að brynja okkur sem bezt má verða til varnar gegn því, að landhelgin verði fótaskinn þessara manna og annarra, er þar stofna til lögbrota. Einn þáttur í því er, að sektirnar séu það háar, að þeir, sem lögbrotin fremja, stefni einnig með þeim fjárhag þeirra, er þar eiga hlut að máli, í nokkra tvísýnu. Er slíkt aðhald í alla staði réttmætt og nauðsynlegt.“